

# AUGLÝSING

## um starfsleyfi fyrir fiskeldisstöð Hólalax hf., Hólum, Hjaltadal.

### 1. Almenn ákvæði.

- 1.1. Starfsleyfi þetta gildir fyrir framleiðslu allt að 250 000 sjógönguseiða (40/50 gramma seiða) og 250 000 sumaralinna seiða eða allt að 17 tonna ársframleiðsla á eldissilungi.
- 1.2. Eigi má breyta eða auka þennan atvinnurekstur ef það getur leitt til aukinnar og/eða annarrar mengunar, nema að fengnu nýju starfsleyfi.
- 1.3. Stöðinni er skylt að sjá um, að á öllu athafnasvæði stöðvarinnar sé gætt fyllsta hreinlætis. Stöðinni ber að halda útliti sínu og umhverfi snyrtilegu.
- 1.4. Um umgengnisreglur, sóttþreinsun og meðferð sýktra og sjálf dauðra fiska fer samkvæmt reglugerð nr. 403/1986, um varnir gegn fisksjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með fiskeldisstöðvum.
- 1.5. Mengunarvarnir Hollustuverndar ríkisins geta, að höfðu samráði við umsagnaraðila, lagt til við heilbrigðis- og tryggingamálaráðherra að starfsleyfið verði endurskoðað, ef í ljós kemur hættu á skaðlegum áhrifum á heilsufar almennings, heilbrigði eða tilveru náttúrulegra fiskstofna eða vegna röskunar á lífríki.
- 1.6. Stöðinni er skylt að gefa Hollustuvernd ríkisins árlega skýrslu um eftirfarandi atriði sé þess óskað: framleiðslumagn, fôðurnotkun og fôðurgerð, meðal vatnsnotkun, magn og gerð hreinsiefna, sóttþreinsiefna og lyfja sem notuð voru á árinu.

### 2. Varnir gegn mengun umhverfis.

- 2.1. Til að draga úr hugsanlegri smithættu sjúkdóma og vegna hættu á erfðablöndun milli náttúrulegra stofna og eldisstofna skal þannig gengið frá frárennsli að samgangur fiska í umhverfinu og fiska í stöðinni verði útilokaður og að sjálf dauður fiskur berist ekki með frárennslinu.
- 2.2. Skólþ frá salernum og hreinlætisaðstöðu skal leitt í rotþró þaðan um eiturleiðslu.
- 2.3. Hreinsibúnaður á frárennsli stöðvarinnar er um 5000 m<sup>3</sup> tjörn sem tekur á milli 5 og 6 daga rennsli. Þessi tjörn veitir að mati Hollustuverndar ríkisins fullnægjandi hreinsun á frárennsli stöðvarinnar.  
Ef við eftirlit kemur í ljós að hreinsun reynist ekki fullnægjandi er Hollustuvernd ríkisins heimilt að krefjast aukinnar eftirhreinsunar.
- 2.4. Frárennsli stöðvarinnar renni í lokaðri rás eða leiðslu frá stöðinni að settjörnninni.

### 3. Eftirlit og gjaldtaka.

- 3.1. Samkvæmt reglugerð nr. 390/1985 skal stöðin árlega greiða eftirlitsgjöld í samræmi við gjaldskrá á hverjum tíma. Gjaldið skal standa undir kostnaði við reglubundið eftirlit Hollustuverndar ríkisins, þar með talinni starfsleyfisveitingu.
- 3.2. Eftirlitið er með tvennum hætti, beint eftirlit sjálfs fyrirtækisins, sem Hollustuvernd ríkisins fær sendar niðurstöður úr og flokkar og metur og eftirlit mengunarvarna Hollustuverndar ríkisins samkv. 3. gr. gjaldskrár nr. 355/1986.

### 4. Gildistaka.

- 4.1. Starfsleyfi þetta, sem veitt er í samræmi við 5. gr. reglugerðar nr. 390/1985, um starfsleyfi fyrir atvinnurekstur, sem getur haft í för með sér mengun, sbr. 3. gr. laga nr. 109/1984, um hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit öðlast gildi þegar í stað.

*Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, 26. febrúar 1988.*

**Guðmundur Bjarnason.**

*Páll Sigurðsson.*